

Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Arnljótur Björns-son, Þorsteinn Thorarensen, Örlygur Geirsson og Guðmundur Vignir Jósefsson.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags ríkisstofnana vegna Guðnýjar Jónsdóttur. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 10. júlí 1979.

Nr. 3/1979. **Vinnuveitendasamband Íslands  
vegna H/f Eimskipafélags Íslands,  
Hafskips h/f, Jökla h/f og Nesskips h/f**  
(Barði Friðriksson hrl.)  
gegn

**Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands vegna  
Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands,  
Vélstjórafélags Íslands, Félags íslenskra loft-  
skeytamanna og Félags bryta**  
(Arnmundur Backman hdl.)

Frávísun. Yfirvinnubann. Sératkvæði.

**Dómur.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 5. þ.m., er höfðað með stefnu útgefinni 25. f.m.

Stefnandi málsins er Vinnuveitendasamband Íslands vegna H/f Eimskipafélags Íslands, Hafskips h/f, Jökla h/f og Nesskips h/f. Stefndi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skip-

stjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Félags íslenskra loftskyeptamanna og Félags bryta.

Í stefnu gerir stefnandi þær dómkröfur „að yfirvinnubann það, sem tilkynnt var til kaupskipaútgerða af samninganefnd yfirmanna þann 20. júní s.l., verði dæmt brot á lögum nr. 80/1938 og bráðabirgðalögum nr. 70/1979 og kjarasamningum félaga yfirmanna við ofangreindar kaupskipaútgerðir. Þá er krafist, að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.“

Í greinargerð gerir stefndi þær dómkröfur, að málinu verði vísað frá Félagsdómi, en til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar að skaðlausu.

Munnlegur málflutningur fór fram þann 5. þ.m. um hina framkomnu frávísunarkröfu.

Af hálfu stefnda var haldið fast við þá kröfu, að málinu verði vísað frá dómi og að stefnanda verði dæmt að greiða stefnda málskostnað.

Af hálfu stefnanda var þess krafist, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið en stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað í þessum þætti málsins.

Málavextir eru þeir, að 1. apríl 1979 voru kjarasamningar Skipstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Félags íslenskra loftskyeptamanna og Félags bryta við útgerðarfélög kaupskipa sem eru aðilar að Vinnuveitendasambandi Íslands runnir út, en félög þessi eru öll aðilar að Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Ofangreind félög svo og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands undirrituðu samstarfsyfirlýsingu, sem þann 28. mars 1979 var send Vinnuveitendasambandi Íslands. Yfirlýsing þessi hefur að geyma yfirlýsingu „um samstöðu, samvinnu og kröfugerð við gerð nýrra kjarasamninga við útgerðarfélög farskipa.“

Með bréfi dags. 17. apríl s.l. boðuðu Farmanna- og fiskimannasamband Íslands fyrir hönd framangreindra stéttarféлага, til vinnustöðvunar á skipum farskipaeigenda, sem eru félagar í Vinnuveitendasambandi Íslands. Móttók Vinnuveitendasamband Íslands bréf þetta samdægurs. Hófst svo verkfall félagsmanna þessara félaga á farskipum þessara útgerðarfélaga 25. apríl s.l. Sáttatilraunir sátta-semjara ríkisins leiddu ekki til lausnar á deilunni. Með bráðabirgðalögum nr. 70/1979 frá 19. júní s.l. var kveðið á um stöðvun verk-

fallsins og boðaðra verkbannsaðgerða Vinnuveitendasmbands Íslands.

Í bráðabirgðalögunum segir m.a. svo í 1. mgr. 1. gr.:

„Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í kjaradóm sem ákveði fyrir 1. ágúst 1979 kaup, kjör og launakjör áhafna á íslenskum farskipum.“

Ákvæði 2., 3., 4. og 6. gr. laganna eru svohljóðandi:

„2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups, kjara og launakerfis áhafna á farskipum meðal annars hafa hliðsjón af eftirfarandi:

- a) Þeim atriðum, sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli áhafna og eigenda farskipa, svo sem um breytta vinnutilhögun.
- b) Síðast gildandi kjarasamningum áhafna á farskipum og launa- og kjarabreytingum, sem samið hefur verið um milli fulltrúa vinnuveitenda og stéttarfélaga í öðrum starfsgreinum, frá því samningar áhafna voru síðast gerðir og þar til dómur gengur.
- c) Sérstöðu farmanna að því er varðar langar fjarvistir frá heimili og einangrun á vinnustað svo og þeirri menntun, ábyrgð og verkkunnáttu, sem störf þeirra gera kröfu til.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Verkbönn og verkföll, sem lög þessi taka til, þar á meðal þau, sem gerð eru í samúðarskyni til þess að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil, þar með framhald þeirra verkbanns- og verkfallsaðgerða á farskipum, sem nú standa, svo og boðaðar verkbannsaðgerðir Vinnuveitendasambands Íslands 25. júní n.k.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.“

1. mgr. 7. gr. laganna eru svohljóðandi:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1979. Úrskurður kjaradóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila“.

Hinn 20. júní s.l. ritaði Ingólfur Ingólfsson f.h. Samninganefndar

yfirmanna útgerðarfélögum kaupskipa, sem aðild eiga að Vinnuveitendasambandi Íslands svohljóðandi bréf:

„Á fundi yfirmanna á kaupskipum, sem haldinn var þriðjudaginn 19. júní 1979 var samþykkt að lýsa yfir yfirvinnubanni við lestun, losun og færslu skipa á heimahafnarsvæðinu (Keflavík, Njarðvík, Straumsvík, Hafnarfirði, Reykjavík og Gufunesi) til ársloka að telja.

Verði gerðar tilraunir til brota gegn banni þessu, getur komið til sérstakra aðgerða.“

Frávísunarkrafa stefnda er byggð á því, að umrætt yfirvinnubann sé ekki brot á lögum nr. 80/1938, enda sé aðgerð þessi ekki verkfall í skilningi vinnulöggjafarinnar.

Er leggja skuli mat á það, hvort ákveðin aðgerð sé verkfall eða verkban í skilningi II. kafla vinnulöggjafarinnar verði að leggja til grundvallar þær heimildir, sem vinnulöggjöfin veiti til boðunar slíkra aðgerða.

Í 14. gr. 1. nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur sé mælt fyrir um að gera megi verkföll og verkþönn í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna í vinnudeilum. Samkvæmt almennri skilgreiningu á sviði vinnuréttar sé það verkfall þegar verkamenn í einu stéttarfélagi eða fleirum leggi niður vinnu að einhverju eða öllu leyti í þeim sameiginlega tilgangi að þvinga fram lausn á kjaradeilu milli stéttarfélags og atvinnurekanda. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 80/1938 sé vinnustöðvun því aðeins heimil, að ákvörðun um hana hafi verið tekin af stéttarfélagi eða félagi atvinnurekanda eftir fyrirmælum laganna, sem tæmandi séu talin. Því sé ekki andmælt að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hafi komið fram fyrir hönd félaga sinna í nýafstaðinni vinnudeilu. Hins vegar beri að líta á það, að ákvörðunin um verkfallsboðun hafi verið tekin hjá hverju félagi fyrir sig í samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938 og í samræmi við lög hvers félags. Í félagslögum félaga innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sé ákveðið hver hafi vald til að taka ákvarðanir um vinnustöðvun og aflétta henni og sé það yfirleitt trúnaðarmannaráð, sem taki þá ákvörðun eða hún sé tekin með leynilegri atkvæðagreiðslu, svo sem mælt sé fyrir um í lögum nr. 80/1938. Hins vegar hafi hvorki Farmanna- og fiskimannasamband Íslands né einstök aðildarfélög tekið ákvörðun um umdeilt yfirvinnubann eða haft það til umræðu eða meðferðar að neinu leyti. Skipti hér

heldur ekki máli, þótt umrætt yfirvinnubann hafi verið boðað í nafni samninganefndar yfirmanna, svo sem fram komi í tilkynningu um það til útgerðarfélaga hinn 20. júní s.l. Samkvæmt samkomulagi þeirra félaga Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem aðild eiga að máli þessu, hafi samninganefnd félaganna það umboð eitt að vinna að kröfugerð við gerð nýrra kjarasamninga við atvinnurekendur. Samninganefndin hafi því hvorki haft heimild til verkfallsboðunar né annarra félagslegra aðgerða eða vinnuhindrana af neinu tagi.

Af því sem hér hefur verið rakið sé ljóst, að umrætt yfirvinnubann, sem boðað var 20. júní s.l., fullnægi hvorki að formi né efni til skilyrðum til að geta talist verkfall í skilningi II. kafla laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Ákvörðum um það hafi ekki verið tekin með lögformlegum hætti, sé ekki á ábyrgð einstakra félaga, sem stefnt hefur verið í máli þessu, og hafi það hvorki verið tilkynnt sáttasemjara ríkisins né þeim, sem það beinist gegn með sjö sólarhringa fyrirvara, svo sem mælt sé fyrir um í 16. gr. laganna. Samkvæmt 4. gr. bráðabirgðalaga nr. 70/1979 séu verkbönn og verkföll óheimil til að knýja fram aðra skipan kjaramála en lögin ákveða. Umdeildu yfirvinnubanni hafi því aldrei verið ætlað að vera verkfall og sé því mótmælt af hálfu stefnda að það sé verkfall í skilningi laga nr. 80/1938. Í tillögu þeirri, sem samþykkt hafi verið á fundi yfirmanna á íslenskum farskipum hinn 19. júní s.l., felist að tilgangur yfirvinnubannsins sé fyrst og fremst sá að mótmæla setningu bráðabirgðalaga til lausnar kjaradeilu aðila máls þessa og einnig að sporna við gífurlegri yfirvinnu farmanna á farskipum. Hér sé því um að ræða ákveðna vinnuhindrun á félagslegum grundvelli sem ekki beri að líta á sem verkfall í skilningi II. kafla laga nr. 80/1938. Það fari hins vegar eftir ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 70/1979 hvort umdeilt yfirvinnubann sé brot á þeim lögum. Í 6. gr. bráðabirgðalaganna sé mælt fyrir um að með brot á þeim skuli fara að hætti opinberra mála og varði brot sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum. Það sé því álit stefnda að með rannsókn á því, hvort yfirvinnubannið sé lögbrot eða ekki skuli fara að hætti opinberra mála samkvæmt ákvæðum 6. gr. bráðabirgðalaganna.

Þá er bent á af hálfu stefnda, að málshöfðun stefnanda sé byggð á því, að síðast gildandi kjarasamningar milli aðila hafi verið brotnir

með umdeildu yfirvinnubanni og þar með heyri ágreiningur þessi undir Félagsdóm samkvæmt lögum nr. 80/1938. Með kröfu sinni sé stefnandi að krefjast þess af Félagsdómi, að hann skýri síðast gildandi kjarasamninga aðila þannig, að umdeilt yfirvinnubann sé brot á vinnuskyldu samkvæmt honum og þar með að yfirvinnubannið sé brot í á vinnulöggjöfinni. En til þess að Félagsdómur sé bær um að dæma um þessi atriði verði að vera ljóst hvort kjarasamningur sé í gildi milli aðila og hvort í honum felist ákvæði, sem telja verði að hafi verið brotin með yfirvinnubanninu. Því sé þess vegna haldið fram af hálfu stefnda, að hvorugu þessu sé til að dreifa. Um gildi kjarasamnings milli aðila og um efni hans sé svo mikill vafi eins og málum sé komið, að Félagsdómur geti ekki lagt mat á starfsskyldur yfirmanna á farskipum á þeim grundvelli. Beri því að vísa málinu einnig frá Félagsdómi af þeim sökum.

Þann 1. apríl s.l. hafi kjarasamningar yfirmann á farskipum fallið úr gildi fyrir uppsögn. Frá 25. apríl til 19. júní s.l. hafi verkfall yfirmanna á farskipum staðið yfir, en síðan hafi það verið stöðvað með bráðabirgðalögum nr. 70/1979.

Þótt ekki sé dregin í efa sú meginregla að síðast gildandi kjarasamningur aðila gildi að óbreyttu þangað til annar hefur verið gerður, sé engan veginn hægt að telja að svo sé í þessu tilfalli. Ráði þar mestu um aðdraganda bráðabirgðalaganna rammásamningur sá, sem aðilar höfðu komið sér saman um við sáttumleitanið fyrir sáttasemjara ríkisins. Öll þessi atriði hafi skapað meira óvissuástand um núgildandi kjarasamninga en svo að hægt sé að segja að síðastgildandi kjarasamningur sé í gildi nú milli aðila. Sá kjarasamningur sé nú ekki lengur við lýði í öllum aðalatriðum sökum margvíslegra breytinga, sem aðilar hafi orðið sammála um að gera, að öðru leyti en því að ekki hafi tekist samkomulag um kaupliði.

Í 2. gr. bráðabirgðalaga nr. 70/1979 segi, að kjaradómur skuli við ákvörðun kaups, kjara og launakerfis áhafna á farskipum m.a. hafa hliðsjón af þeim atriðum, sem samkomulag hafi orðið um á sáttastigi málsins milli áhafna og eigenda farskipa svo sem um breytta vinnutilhögun o.s.frv.

Í 3. gr. laganna segi svo að ákvarðanir kjaradóms skv. 1. gr. skuli vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laganna, en lögin hafi tekið gildi þann 19. júní s.l.

Samkvæmt efni bráðabirgðalaganna leysi þau raunverulega af

hólmi síðastgildandi kjarasamninga, enda gildi væntanleg ákvæði og niðurstaða gerðardóms um kaup og kjör farmanna aftur fyrir sig eða frá 19. júní s.l. Þann dag hafi ákvörðun um yfirvinnubann verið tekin.

Með hinum nýju kjörum sem kjaradómur muni ákveða og þar með þeim atriðum, sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli áhafna og eigenda farskipa, sé raunverulega búið að semja um nýja skipan eftirvinnu með umtalsverðum breytingum frá síðastgildandi kjarasamningi. Þar séu lagðar niður ýmsar auka-greiðslur vegna yfirvinnu, t.d. vaktatillegg, yfirvinnu varðandi losun og lestun hjá stýrimönnum, yfirvinnu vegna þrifa hjá vélstjórum o.s.frv. Allar þessar greiðslur hafi nú verið felldar niður en í staðinn vanti aðeins kaupliðina í hið nýja samkomulag. Það sé verkefni kjaradóms samkvæmt lögum nr. 70/1979 að ákveða það. Ef líta eigi svo á, að um sé að ræða venju, sem jafngilt geti ákvæði kjarasamnings um þetta, þurfi sú venja að vera óumdeild, langvarandi og sönnuð. Stefndi mótmæli að um slíka venju sé að ræða. Kjarasamningar, sem í gildi hafi verið undanfarin ár, hafi engan veginn verið skýrðir svo af aðilum að þeir gæfu heimild til ótakmarkaðrar yfirvinnu. Yfirvinna hafi fyrst og fremst átt við um ýmiss öryggis-störf og eftirlit í starfi yfirmanna. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að svo mikil óvissa sé um skyldu yfirmanna til að vinna yfirvinnu að vísa beri málinu frá dómi einnig af þeirri ástæðu.

Krafa stefnanda um að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið er byggð á því, að yfirvinnubann það, sem samþykkt var á greindum fundi 19. júní s.l., sé raunverulega verkfall í skilningi laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Hér sé ekki um að ræða ákvörðun, sem einstakir yfirmenn hafi tekið upp á eigin spýtur, heldur hafi hún verið tekin á fundi, sem stéttarfélögin stóðu öll að svo og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, en með samstarfsyfirlýsingu stéttarfélaganna hafi þau ákveðið samstöðu sína við gerð nýrra kjarasamninga m.a. með því að skipa sameiginlega samninganefnd. Yfirvinnubannið hafi svo verið tilkynnt útgerðarfélagunum með bréfi, sem undirritað hafi verið af formanni samninganefndarinnar, er jafnframt sé forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Hafi yfirvinnubannið komið til framkvæmda fyrirvaralaust og hafi því verið fylgt eftir með verkfallsvörslu. Ekki

hafi þó verið ágreiningur milli aðila um skyldu félagsmanna þessara stéttarfélaga til að vinna yfirvinnu.

Í því sambandi bendir stefnandi á, að í kjarasamningi kaupskipa-útgerðar og Stýrimannafélags Íslands sem undirritaður var 25. júlí 1977, sé svohljóðandi ákvæði í 19. gr.: „Þegar hafnarvaktir eru staðnar, telst vinnutími stýrimanna vera 8 klst., frá kl. 08:00—17:00, en skylt er stýrimanni að vinna á öðrum tíma samkvæmt ósk útgerðar, enda verði slík vinna greidd með yfirvinnutaxta A, nema þegar um er að ræða stoppitörn á tímanum kl. 17:00—18:00 sbr. 15. gr.“ Í 12. gr. í kjarasamningi kaupskipaútgerða og Vélstjórafélags Íslands frá sama tíma sé eftirfarandi ákvæði: „Í Reykjavík, Hafnarfirði, Gufunesi, Keflavík, Njarðvík, Straumsvík og Skerjafirði þegar sjövökum er slitið telst vinnutími vélstjóra vera 8 klst. frá kl. 08:00 til 12:00 og frá kl. 13:00 til 17:00, en skylt er vélstjóra að vinna á öðrum tíma, samkvæmt ósk útgerðar, enda sé slík vinna greidd með yfirvinnutaxta A samanber þó ákvæði samningsins um stoppitarnir.“ Í kjaradeilu þeirri sem til lykta hafi verið leidd með bráðabirgðalögum nr. 70/1979 milli farmanna og kaupskipaútgerðar hafi deiluaðilar orðið ásáttir um orðalag kjarasamninga allra félaga yfirmanna, en aðila hafi aðeins greint á um kauptölur. Hafi áður ívitnuð 12. gr. vélstjórasmnings þá verið færð með samkomulagi í sama horf og 19. gr. stýrimannasmnings. Samkomulagið, sem náðst hafi um samninga þessa, hafi verið bókað hjá sáttasemjara föstudaginn 15. júní 1979 og endanlega frágengið þann 27. júní 1979. Verði að líta svo á, að félagsmönnum þessara stéttarfélaga sé skylt að vinna yfirvinnu svo sem tíðkast hafi á grundvelli þeirra kjarasamninga, sem síðast voru gerðir milli aðila. Þá er og bent á, að í tillögu þeirri, sem var grundvöllur fundarsamþykktarinnar um yfirvinnubannið, komi fram að hér sé einnig um að ræða aðgerðir gegn bráðabirgðalögum nr. 70/1979. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að umrætt yfirvinnubann sé verkfall í skilningi laga nr. 80/1938, sem boðað hafi verið og framkvæmt ólöglega, svo og samningsbrot. Það sé einnig brot gegn ákvæði 2. tl. 17. gr. laga nr. 80/1938. Málshöfðunin sé réttilega beint gegn stefnda fyrir hönd varnaraðila. Eigi málfefnið því þannig undir dómsvald Félagsdóms skv. 1. og 2. tl. 44. gr. sbr. 15., 16. og 17. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og beri því að hrinda framkominni frávisunarkröfu.



*Álit dómsins.*

Í 1. og 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir, að verkefni Félagsdóms sé:

„1. Að dæma í málum, sem rísa út af kærnum um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmeðtra vinnustöðvanna. 2. Að dæma í málum, sem rísa út af kærnum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.“

Félagsdómur er sérdómstóll. Ber að skýra ákvæði laga nr. 80/1938 um dómsvald Félagsdóms þröngt.

Kröfugerð stefnanda fjallar að vísu samkvæmt efni sínu um máls-efni, sem almennt fellur undir úrskurðarvald Félagsdóms.

Pegar hins vegar efni bráðabirgðalaganna er virt þar sem málum er skipað með öðrum hætti en ráð er fyrir gert í lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, þá verður ekki hjá því komist að líta svo á að Félagsdómur eigi ekki úrskurðarvald um ágreiningsefni málsins. Ber því að taka frávísunarkröfu stefnda til greina. Eftir öllum atvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Þorsteinn Thorarensen og Árni Guðjónsson.

## D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

## S é r a t k v æ ð i

**Bjarna Kristins Bjarnasonar og Páls S. Pálssonar.**

Í 1. og 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir, að verkefni Félagsdóms sé:

„1. Að dæma í málum, sem rísa út af kærnum um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmeðtra vinnustöðvanna. 2. Að dæma í málum, sem rísa út af kærnum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.“

Samkvæmt efni sínu fjallar kröfugerð stefnanda um málsefni, sem almennt fellur undir úrskurðarvald Félagsdóms.

Eigi verður talið, að ákvæði bráðabirgðalaganna nr. 70/1979

standi því í vegi, að Félagsdómur leggi efnisdóm á málið, svo sem það hefur verið lagt fyrir dóminn.

Ber því að hrinda hinni fram komnu frávísunarkröfu.

Rétt er að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Framkomin frávísunarkrafa er ekki tekin til greina.

Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

### Dómur Hæstaréttar 30. júlí 1979.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson prófessor.

Með kæru 12. júlí 1979, sem barst Hæstarétti 23. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 67. gr. laga nr. 80/1938 kært til Hæstaréttar frávísunardóm Félagsdóms, uppkveðinn 10. júlí 1979, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst hann þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt fyrir Félagsdóm að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst einnig kærúmálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærúmálskostnaðar.

Í 1. mgr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 70/1979 er mælt fyrir um skipun kjaradóms, sem ákveði fyrir 1. ágúst 1979 kaup og kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum. Samkvæmt 3. gr. skulu þær ákvarðanir vera bindandi fyrir aðilja frá gildistöku degi bráðabirgðalaganna 19. júní 1979, en verkföll og verkbönn, sem löggin taka til, eru lýst óheimil frá þeim degi, sbr. 4. gr. laganna. Er krafa sóknaraðilja fyrir Félagsdómi sú, að yfirvinnubann varnaraðilja verði samkvæmt þessu dæmt ólöglegt verkfall, en hann krefst ekki að varnaraðilja verði gerð refsing vegna þess. Fær sú kröfugerð samrýmst dómvenju Félagsdóms. Ákvæði 6. gr. laga nr. 70/1979 verður ekki örugglega skýrt svo, að því sé ætlað að skjóta loku fyrir, að slík krafa verði höfð uppi fyrir Félagsdómi í samræmi við meginreglu 44. gr. laga nr. 80/1938. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir Félagsdóm að taka málið til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir, að kærúmálskostnaður falli niður.

## D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er lagt fyrir Félagsdóm að taka málið til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

---

Þriðjudaginn 10. júlí 1979.

Nr. 4/1979. **Vinumálasamband samvinnufélaganna  
vegna skipadeildar S.Í.S.**

(Skúli J. Pálmason hrl.)

gegn

**Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands  
vegna Skipstjórafélags Íslands,  
Stýrimannafélags Íslands,  
Vélstjórafélags Íslands,  
Félags íslenskra loftskyeitamanna og  
Félags bryta**

(Arnmundur Backman hdl.)

Frávísun. Yfirvinnubann. Sératkvæði.

**Dómur.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 5. þ.m., er höfðað með stefnu útgefni 25. f.m.

Stefnandi málsins er Vinumálasamband samvinnufélaganna vegna skipadeildar S.Í.S.

Stefndi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Félags íslenskra loftskyeitamanna og Félags bryta.

Í stefnu gerir stefnandi þær dómkröfur „að yfirvinnubann það, sem samninganefnd yfirmanna á kaupskipum tilkynnti skipadeild SÍS með bréfi dags. 20. júní s.l. og komið hefur til framkvæmdar,